

Greinargerð Heilbrigðisvísindasviðs vegna svars háskólaráðs við erindi sviðsins um stofnun deildar í sjúkraþjálfun


Stjórn Heilbrigðisvísindasviðs hefur á fundum sínum númer 233-238, frá 15. júní til 12. október, fjallað um svar háskólaráðs dags. 4. júní sl. við erindi sviðsins til ráðsins dags. 23. september 2019 um stofnun deildar í sjúkraþjálfun innan sviðsins. Kannaðir hafa nú verið möguleikar á breyttri skipan fræðasviðsins eða eins og orðað var í bréfi háskólaráðs:

„ Samþykkt var einróma á háskólaráðsfundinum að beina því til Heilbrigðisvísindasviðs að fara yfir deilda- og námsbrautaskipulag fræðasviðsins með það í huga að mæta þeim sjónarmiðum sem fram koma í upphaflegu erindi fræðasviðsins til háskólaráðs og í niðurstöðu nefndar háskólaráðs án þess að til fjölgunar deilda á sviðinu komi. Niðurstaða þeirrar vinnu liggja fyrir í október nk. og verði þá skilað til háskólaráðs.“

Í fundargerð háskólaráðs kom fram að í ljósi heildarskipulags Háskólans er jafnframt nauðsynlegt að rektor beiti sér fyrir að fram fari stefnumótandi umfjöllun um framtíðarfyrirkomulag deilda og námsbrauta á öllum fimm fræðasviðum Háskólans.

Margskonar samruni eininga til að mynda nýja deild og námsbrautir, en um leið halda fjölda deilda á sviðinu sex eða færri, var ræddur. Þrátt fyrir að stjórn Heilbrigðisvísindasviðs styðji eindregið að stofnuð verði háskóladeild í Sjúkraþjálfun, grundvallað á þeim rökum sem fram hafa komið, þá þótti ekki hagkvæmt að breyta deildaskipulagi sviðsins ef miðað er við skilyrði háskólaráðs um sex deildir. Til hliðsjónar við ákvörðunina voru fagleg málefni, akademísk virkni og starfsemistölur deilda og Sjúkraþjálfunar á Heilbrigðisvísindasviði. Jafnframt ákvað stjórn að styrkja skyldi Sjúkraþjálfun frekar eins og bent er á í lok þessa skjals. Mynd 1 sýnir fjárveitingar og kostnað reksturs Sjúkraþjálfunar árin 2015 til 2020.


Mynd 1 fjárveitingar og kostnaður reksturs Sjúkraþjálfunar árin 2015 til 2020



Myndin endurspeglar bæði aukna starfsemi og bætta rekstur Sjúkraþjálfunar 2015-2020, en lenging náms og MS-gráða til starfsréttinda í sjúkraþjálfun, samtals 5 ár, bæta fjárhag vegna kennslu.

Starfsemistölur hér fyrir neðan eru kynntar eins og þær eru settar fram fyrir deililíkan Háskóla Íslands, sbr. neðangreindar töflur og myndir. Einnig var fjöldi akademískra starfsmanna skoðaður, sjá myndir 2 og 3, og fjöldi nýnema, sjá myndir 4 og 5 aftar í skjalinu.

Mynd 2 fjöldi kennara og **Mynd 3** fjöldi stöðugilda í deildum sviðsins.



Til samanburðar er fjöldi kennara við Sjúkraþjálfun 8 og stöðugildi tæplega 6.

Eftirfarandi tvær töflur sýna akademíska starfsemi sömu eininga sviðsins árin 2014–2020, í fjölda rannsóknastiga (**Tafla 1**) og sem „mótframlög“ vegna styrkja úr sjóðum utan Háskóla Íslands (**Tafla 2**).

Tafla 1

Rannsóknarstig

Deild	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020
SJÚ	81	118	138	132	136	140	159
HJÚ	740	760	681	765	838	855	858
LYF	399	436	439	476	449	451	436
LÆK	2.647	2.618	2.771	2.714	2.733	2.669	2.558
MON	471	517	564	545	578	532	533
SÁL	407	468	489	503	510	490	514
TAN	233	167	200	219	256	236	238

Tafla 2

Mótframlög styrkja

Deild	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020
SJÚ	3.581	4.013	2.557	1.676	682	241	4.713
HJÚ	5.192	5.942	5.246	10.054	17.194	18.455	14.672
LYF	17.152	40.188	51.270	49.765	43.480	42.269	55.729
LÆK	66.045	75.321	102.961	153.241	196.694	244.524	288.721
MON	27.039	35.618	32.591	39.795	38.979	51.836	59.093
SÁL	5.734	4.151	5.693	11.290	18.059	20.905	18.998
TAN	5.214	5.641	6.130	5.963	5.315	5.921	6.005

Á töflunum sést að rannsóknavirkni þessara eininga sviðsins er lægst í Sjúkraþjálfun. Þetta er í nokkru samræmi við fjölda kennara og fjölda stöðugilda kennara, sbr. myndir 2 og 3.


Preyttar einingar sem endurspegla nemendafjölda sem þreyta próf á Heilbrigðisvísindasviði árin 2014-2020 sjást í **Töflu 3**.

Tafla 3.

Deild eða eining	Preyttar einingar '14-'20
Hjúkrunar og ljósmóðurfræði	21 – 23 þús
Lyfjafræði	5 – 8 þús
Læknisfræði og námsbrautir	33 – 37 þús
Matvæla- og næringarfræði	4 – 5 þús
Sálfræði	21 – 27 þús
Sjúkraþjálfun	5 – 8 þús
Tannlæknisfræði	4 þús

Í töflu 3 má sjá sama fjölda þreyttra eininga í Sjúkraþjálfun og í Lyfjafræðideild, eða sem svarar 83 nemendum í fullu námi sem ljúka öllum prófum, tvær deildir á sviðinu eru minni hvað varðar fjölda þreyttra eininga þ.e.a.s. Tannlæknadeild og Matvæla- og næringarfræðideild.

Mynd 4 sýnir fjölda nýnema í deildum Heilbrigðisvísindasviðs (ath. þó að tölur um nýnema 2019 er í lok eða eftir fyrsta misseri). **Mynd 5** sýnir fjölda nýnema í læknisfræði og greinum námsbrauta innan Læknadeildar, þ.m.t. Sjúkraþjálfun.



Preyttar einingar og fjöldi nýnema endurspeglar kennslumagn greinanna en endurspeglar þó ekki alla þætti háskólastarfsins þar sem rannsóknir veða mjög mikið þegar akademísk störf og virkni eru metin, eins og kunnugt er.

Greinargerðir um stöðu Sjúkraþjálfunar, bæði frá kennurum og frá nemendum, sýna að skipan og aðstaða greinarinnar er alls ekki nógu góð. Læknadeild og aðrar deildir Heilbrigðisvísindasviðs vilja styðja við frekari uppbyggingu greinarinnar og akademískt sjálfstæði enda eru gæði starfseminnar mikil og Sjúkraþjálfun í Háskóla Íslands í fararbroddi í Evrópu.

Eftirfarandi aðgerðir voru ákveðnar innan Heilbrigðisvísindasviðs m.v. núverandi aðstæður:

- að námsbrautarstjóri í Sjúkraþjálfun fengi umbun í samræmi við viðmið um deildarforseta og væri boðin þátttaka á stjórnarfundum HVS;
- að þátttaka Sjúkraþjálfunar yrði aukin með kynningum og umræðum á deildarfundum Læknadeildar;
- að auglýsa strax akademíska stöðu fyrir Sjúkraþjálfun til að styrkja rannsóknarvirkni einingarinnar, en fleiri akademísk stöðugildi munu auka rými allra akademískra starfsmanna til rannsókna og minnka stjórnunarálag
- að Sjúkraþjálfun hafi eigin fastanefnd fyrir rannsóknánám
- að kynning á starfsemi og vexti Sjúkraþjálfunar verði aukin á vegum Heilbrigðisvísindasviðs

-að þátttaka í nefndum og ráðum á vegum sviðsins og Háskóla Íslands verði aukin meðal kennara í Sjúkraþjálfun, en um leið verður hugað að því að hafa ekki marglaga stjórnunarálag á eininguna

Að lokum þarf í þessu samhengi að taka tillit til heildarskipulags háskólans. Fyrir liggur að á vegum rektors mun fara fram stefnumótandi umfjöllun um framtíðarfyrirkomulag deilda og námsbrauta á öllum fimm fræðasviðum háskólans, sbr. samþykkt háskólaráðs 4. júní sl., og því eðlilegt að hugmyndir um skipulag Heilbrigðisvísindasviðs fari í þann farveg.

29. október 2020

f.h. stjórnar Heilbrigðisvísindasviðs